

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2020.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjufallsstyrki (212. mál)**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar 20. október vegna ofangreinds máls, á þingskjali 213.

FA fagnar frumvarpinu og telur mikilvægt að komið sé til móts við smærri fyrirtæki sem ekki eru í hópi þeirra sem neyddust til að loka starfsemi sinni vegna fyrirmæla stjórnvalda, en urðu engu að síður fyrir miklu tekjufalli.

Félagið leggur þó til eina breytingu á frumvarpinu; á skilyrði um tekjufall í 1. tl. 4. gr. frumvarpsins. Eftir að hafa aflað upplýsinga hjá félagsmönnum sem reka smáfyrirtæki með þrjú starfsmenn eða færri, telur FA ljóst að mun minna tekjufall en 50% getur verið illviðráðanlegt fyrir fyrirtæki af þessari stærð og gert þeim illkleift að standa við skuldbindingar sínar. Launakostnaður er alla jafna mjög hátt hlutfall af rekstrarkostnaði þessara fyrirtækja, jafnvel 70-80% og svigrúm til að lækka annan kostnað því lítið sem ekkert. Hlutabótaleiðin nýtist þessum fyrirtækjum oft takmarkað, því að sinna getur þurft föstum verkefnum í litlum rekstri og/eða verið er að veita sömu þjónustu þótt slegið hafi verið verulega af verði hennar til að halda viðskiptavinum í kórónuveirukreppunni. Ekki er því kostur á að lækka starfshlutföll. Félagið leggur til að viðmiðið um tekjufall verði 35%, sem í öllum samanburði verður að teljast verulegur tekjusamdráttur.

FA leggur að lokum til að frumvarp þetta verði að lögum hið fyrsta, að teknu tilliti til ofangreindrar tillögu. Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA